

Anna fundur fundur Delta deildar, starfsárið 2020-2021 haldinn 9. desember 2020 í Zoom fundarkerfinu, kl. 20.

Áður en formleg dagskrá hófst og félagskonur voru að tínast inn á fundinn var almennt spjall og notalegar kveðjur kvenna á milli.

Dagskrá

1. Fundur settur Jónína Eiríks kveikir á kertum
2. Valgerður Janusdóttir segir okkur frá starfinu sínu
3. Halldóra Jónsdóttir stingur upp á bókum fyrir okkur að lesa og flytur jólasögu
4. Jónína Erna segir frá uppáhalds jólalaginu sínu og flytur orð til umhugsunar.
5. Fundi slitið

Á fundinn voru mætta 13 félagskonur

Þegar gegnið hafði verið úr skugga um að allar fundarkonur væru í mynd og með hljóð hófst formleg dagskrá.

1. Jónína Eiríksdóttir kveikti á kertum og vakti sérstaka athygli á gildi hjálpseminnar.
2. Valgerður Janusdóttir sagði frá starfi sínu sem sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs á Akranesi og þeim megin áherslum sem eru í starfinu og á næstu misserum. M.a. sagði hún frá uppbyggingu sem fyrirhuguð er á nýjum leikskóla og uppbyggingu á íþróttasvæðinu á Jaðarsbökkum. Einnig frá endurbótum á Brekkubæjarskóla og nýju fimleikahúsi og ýmsum endurbótum á gamla íþróttahúsinu við Vesturgötu. Einnig sagði hún stuttlega frá áhrifum Covid – 19 faraldursins á starfseminni á sviðinu.
3. Halldóra Jónsdóttir lagði til að félagskonu læsu tvær bækur fyrir fyrsta fund á nýju ári. Bækurnar sem hún lagði til eru Gata mæðranna eftir Kristínu Maríu Baldursdóttur, sem er þekkt fyrir bækur sínar m.a. Hús úr húsi og sögurnar af Karítas og svo bókina Dauði skógar eftir unga höfundinn Jónas Reynir Gunnarsson sem tilnefnd er til íslensku bókmenntaverðlaunanna. Halldóra sagði okkur stuttlega frá ömmu sinni, Sigríði Björnsdóttur frá Miklabæ sem fædd var 1891 og las Halldóra hluta úr hugljúfri jólasögu eftir hana.
4. Jónína Erna Arnardóttir fjallaði um orð til umhugsunar og valdi að fjalla um skilaboðin frá Almannavörnum „Búum okkur til öðruvísi jól“. Hún sagði okkur frá ígrundun sinni um það hvað jólin væru fyrir henni og fór yfir nokkur minni því til staðfestingar m.a. að vera ævinlega með jóladagatal í desember og minntist kirkjuferða og tónlistar og starf sitt sem organisti. Niðurstaða hennar reyndist vera að tilmælin um öðruvísi jól gæfi tilefni til að vænta nálægðar við sitt fólk og hátíðleika í sínum einfaldleika.

Í lokin kvaddi Jensína sér hljóðs og þakkaði Jónínu Ernu fyrir tónleika sem hún hafði streymt á netinu til minningar um 100 ár eru frá fæðingu Sigfúsar Halldórssonar.

Jónína þakkaði félagskonum fyrir góða samveru og óskaði gleðilegra jóla.